

17

IX. Sektorákvæði o. fl.

12. apríl

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð Stykkishólms, og skal með mál út af brotum á reglugjörð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 12. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

18

12. apríl

Samþykkt

um

lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfjelaga í Vestmannaeyjakaupstað skal lokað eftir því sem segir í 2. og 3. grein samþyktrar þessarar.

Undanskyldar eru þó sölubúðir er eingöngu versla með brauð og mjólk.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og opnaðar eigi fyrir en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 17. júní mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í sölubúðum, brauðsölubúðum, á strætum, torgum eða annarstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem verslunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó að selja á þeim tíma vistir, kol, salt og olíu til báta skipa og viðskiftamanna, er nauðsyn krefur.

5. gr.

18

Menn sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir 12. apríl að lokað er, þó eigi lengur en í háltíma.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sjerstaklega stendur á að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauð-ynja fyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almennings heilla.

7. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mal út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi 1. maí 1921.

Samþykkt þessi staðfestist hjérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytutí öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 12. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

19

18. apríl

um

grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal annast um grenjaleitir og grenjavinslu í heima- og afrjettarlöndum hrepps síns, og því í tæka tíð á hverju vori útnefna svo marga kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á, til þess að grenjaleit geti orðið sem víðast sama dag. Hver innanhreppsmaður er skyldur til þess að starfa, ef forföll ekk ibanna, gegn saungjarnri borgun.

2. gr.

Hreppsnefndin skal semja skrá yfir öll gren, sem eru í landeign hreppsins, hvar